

Nd.

491. Frumvarp til laga

[220. mál]

um leigunám fyrirtækja, sem stöðvað hafa eðlilegan rekstur vegna verkbannsaðgerða.

Flm.: Magnús Kjartansson, Geir Gunnarsson, Jónas Árnason.

1. gr.

Nú hefur starfræksla atvinnufyrirtækis stöðvazt eða úr henni dregið vegna verkbannsaðgerða, og heimilast þá ríkisstjórninni að taka rekstur fyrirtækisins, húsnæði, skrifstofu, skrifstofugögn, áhöld og annað, er til eðlilegrar starfrækslu telst nauðsynlegt, leigunámi um ótiltekinn tíma, enda sé yfirvofandi hætta á því, að slíkar verkbannsaðgerðir dragi úr vinnu launamanna, skerði þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að taka eignarnámi hráefna- birgðir og annað, sem nauðsynlegt er til þess að tryggja rekstur þeirra fyrirtækja, sem tekin eru leigunámi.

2. gr.

Endurgjald fyrir fyrirtæki, sem tekið hefur verið leigunámi, skal ákveðið af þremur mönnum, einum tilnefndum af viðkomandi héraðsdómara, einum tilnefndum af verkalýðsfélögum þeim, sem eru sammingsaðilar við fyrirtækið, og einum tilnefndum af eigendum fyrirtækisins. Við mat á endurgjaldi skal tekið tillit til hreins ágóða fyrirtækisins, eins og hann er talinn fram í síðasta skattaframtali. Verði ágreiningur um matið, er heimilt að vísa honum til yfirmats, sem framkvæmt sé af þremur óvilhøllum mönnum, tilnefndum af Hæstarétti Íslands. Um framkvæmd eignarnáms samkvæmt 1. gr. skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Nú afléttir atvinnurekandi verkbanni, og skal hann þá tafarlaust endurheimta fyrirtæki sitt. Vilji leigunemi skila aftur því, er til leigu hefur verið tekið, skal hann tilkynna eiganda það með viku fyrirvara. Skyld er leigunema að skila aftur því, sem til leigu hefur verið tekið, í jafngóðu ástandi, nema að því leyti sem það hefur spillzt af venjulegu sliti og fyrningu. Spjöll skulu metin í samræmi við lagaákvæði um eignarnám.

4. gr.

Rekstur fyrirtækja, sem tekin hafa verið leigunámi samkvæmt lögum þessum, skal falinn atvinnumálanefndum kjördæmanna, sbr. lög um aðgerðir í atvinnumálum frá 28. marz 1969.

5. gr.

Heimilt er ráðherra að setja í reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd á leigunámi og rekstur fyrirtækja, sem tekin eru leigunámi samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Einkaatvinnurekendur í iðnaði hafa lýst yfir verkbanni. Sú aðgerð mun lama íslenzkan iðnað, rýra verulega þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur og skerða til muna afkomu þúsunda manna. Tilgangur verkbannsins er sá einn að lækka tilfinnanlega raunverulegar tekjur þess verkafólks, sem hefur einna naumust kjör á Íslandi. Fyrirtæki þau, sem ætlunin er að stöðva, eru að verulegu leyti reist fyrir lánsfé úr sjóðum almennings, og rekstur þeirra er háður stórfelldum lánveitingum úr sömu sjóðum. Eignarréttur þessara atvinnurekenda á þeim fyrirtækjum, sem þeir ætla að stöðva, er ákaflega hæginn frá síðferðilegu sjónarmiði og stæðist sjaldnast löglega, ef skuldareigendur gengju að fyrirtækjunum. Með verkbaninu eru atvinnu-

rekendur þessir að taka sér þjóðfélagslegt vald, sem þeir hafa ekki í raun, og því er athöfn þessi langt fyrir utan þann vettvang, sem haslaður er frjálsum samningum atvinnurekenda og launamanna. Verkbannið er gerræðisfull árás lítils atvinnurekendahóps á afkomu þjóðarheildarinnar; það gengur í berhögg við hagsmuni og viðhorf meginþorra landsmanna.

Því er hér lagt til, að beitt verði heimild þeirri, sem felst í 67. grein stjórnarskrárinnar um að svipta menn umráðum yfir eignum sínum, ef almenningsþörf krefur, enda sé slíkt gert með lögum og komi fullt verð fyrir.

Gerð verður nánari grein fyrir frumvarpinu í framsögu.